

Alþingi
Erindi nr. P 136/1439
komudagur 23.3.2009

From: Erla Svanhvít Árnadóttir [mailto:erla.svanhvit.arnadottir@glitnirbank.com]
Sent: 23. mars 2009 15:24
To: Selma Hafliðadóttir
Cc: Þórdís Bjarnadóttir; Steinunn Guðbjartsdóttir
Subject: Athugasemdir við frumvarp til breytinga á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

409. mál

Í framhaldi af umræðum á fundi viðskiptanefndar sl. fimmtudag Skilanevnd Glitnis Banka hf. og aðstoðarmaður bankans á greiðslustöðvunartímabili vilja koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við fyrirbyggjandi lagafrumvarp:

1. Að verkaskipting skilanevndar og slitastjórna verði afmarkað nánar. Það mætti gera með því að bæta í II lið 3. tl. bráðabirgðaákvæðis eftirfarandi tilvísunum:
 - a. 1 og 2. mgr. 103 gr. a.
 - b. 1. ml. 3. mgr. og 2. ml. að orðunum “og boða til kröfuhafafundar”.
 - c. 4. ml. 3. mgr. 103. gr.
 - d. 1. og 2. ml. 4. mgr.
 - e.
2. Lagt er til að sett verði inn ákvæði þar sem fram komi að skilanevndarmenn, slitastjórnamenn og aðstoðarmaður á greiðslustöðvunartímabili verði ekki bótaskyldir vegna ákvarðana sinna og aðgerða nema um sé að ræða brot af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Sambærilegt ákvæði var í 4. mgr. 98. gr. laga um fjármálafyrirtæki hvað varðar aðstoðarmann á greiðslustöðvunartímabili en frumvarpið gerir ráð fyrir að það verði fellt úr gildi. Lögð er áhersla á að þeir hagsmunir sem um ræðir í tilviki bankanna eru umtalsvert meiri en í nokkrum öðrum fyrirtækjum og að mati skilanevndar eðlilegt að taka tillit til þess.

Gott væri að þú staðfestir móttöku þessa tölvupósts.

Með kveðju,

Erla S. Árnadóttir
Meðlimur skilanevndar Glitnis Banka hf.
Member of the Resolution Committee of Glitnir Bank hf.